

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/2074****2023/EES/40/47****frá 20. júlí 2022****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar skilgreiningu á SNOWTAM (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 39. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um kröfur og stjórnáslumeðferðir er varða flugvelli, þ.m.t. ákvæði sem varða tilkynningar um yfirborðsástand flugbrautar og stofnun tilkynninga þar sem tilkynnt er um hættulegar aðstæður, sem eru til staðar eða ráðin hefur verið bót á, af völdum snjós, íss, kraps eða vatnssöfnunar (SNOWTAM-tilkynningar), sem hluta af samhæfðu sniðmáti (e. *Global Reporting Format (GRF)*).
- 2) Stofna ætti til SNOWTAM-tilkynningar við tiltekna aðstæður, samkvæmt ákvæðum 15. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem var undirritaður í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningurinn) og ákvæðum verklagsreglna fyrir flugleiðsöguþjónustu — Stjórnun flugmálaupplýsinga (PANS-AIM, skjal nr. 10066) sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur samþykkt.
- 3) Breyta ætti skilgreiningunni á SNOWTAM-tilkynningunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 til að hún verði í samræmi við skilgreininguna í 15. viðauka við Chicago-samninginn og í samræmi við skilgreininguna í öðrum réttargerðum Sambandsins á sviðinu, t.d. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 <sup>(3)</sup>.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 139/2014 til samræmis við það.
- 5) Í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 hefur Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins samið álit nr. 03/2022 <sup>(4)</sup> sem drög að framkvæmdarreglum og lagt það fyrir framkvæmdastjórnina.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Í stað 41. liðar b í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 kemur eftirfarandi:

„41b) „SNOWTAM“ (snjótilkynning): sérstök tegund tilkynninga til flugmanna (NOTAM) með sérstöku sniðmáti sem inniheldur skýrslu um ástand yfirborðs flugbrautar þar sem tilkynnt er um hættulegar aðstæður, sem eru til staðar eða sem ráðin hefur verið bót á, af völdum snjós, íss, kraps, hríms, vatnssöfnunar eða vatns sem tengist snjó, krapi, ís eða hrími á athafnasvæðinu.“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 280, 28.10.2022, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnáslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjútíð. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjútíð. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).

(4) <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---